



# Aðalfundur

Haldinn 5. maí 2017

Ársskýrsla

# Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 5. maí 2017

## Dagskrá aðalfundar skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Lagabreytingar
5. Nefndarstörf
6. Umræður og afgangsmála
7. Kosning stjórnar, fræðslunefndar, kjaranefndar, siðanefndar og fagraða
8. Önnur mál

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í sal Mímis-Símenntunar á Öldugötu í Reykjavík þann 29. apríl 2016. Fundarstjóri var Magnea Ingólfssdóttir. Um var að ræða hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt ofangreindri dagskrá auk þess sem fráfarandi meðlimum stjórnar og nefnda voru færðar þakkir. Nokkrar lagabreytingar voru samþykktar og lögð var fram ályktun vegna [Grunns að stefnu um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi](#). Að fundi loknum var boðið upp á léttar veitingar og tónlistaratriði.

Ingibjörg Kristinsdóttir VMST, Margrét Björk Arnardóttir Árskóla, Soffía Valdimarsdóttir HÍ, Unnur Símonardóttir FG og Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir Mími Símenntun voru endurkjörnar í stjórn. Helga Tryggvadóttir Framvegis og Kristín Birna Jónasdóttir Borgarholtsskóla voru kjörnar nýjar í stjórn. Ingibjörg Kristinsdóttir var áfram formaður félagsins. Úr stjórn gekk Olga Sveinbjörnsdóttir.

Bjarney Ægisdóttir FSU, Gréta Jessen Austurbæjarskóla, Henný Sigurjónsdóttir Brúarskóla, Hjördís Gestsdóttir Kársnesskóla og Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir VMST gáfu kost á sér í fræðslunefnd og hlutu kosningu. Úr fræðslunefnd gengu Arnbjörg Ösp Matthíasdóttir VMST, Helga Lind Hjartardóttir Mími Símenntun og Helga Rúna Þorsteinsdóttir Hofstaðarskóla.

Fulltrúum í stjórn og fræðslunefnd eru færðar innilegar þakkir fyrir að taka að sér forystuhlutverk fyrir FNS og vinna ötult og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og fagstéttarinnar.

Til að tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrir og að hagsmunum félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri er nauðsynlegt að sem flestir félagsmenn séu virkir í ýmiskonar nefndarstörfum og starfshópum. Það skiptir því miklu máli að FNS

eigi fulltrúa í neðangreindum nefndum. Eftirfarandi félagsmönnum eru færðar kærar þakkir fyrir þeirra störf:

- Elísabet Pétursdóttir Kópavogsskóla og Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir Oddeyrarskóla í fagráði grunnskóla.
- Kristín Birna Jónasdóttir Borgarholtsskóla, Svanhildur Svavarsdóttir FMOS og Unnur Símonardóttir FG í fagráði framhaldsskóla.
- Gréta Matthíasdóttir HR og Helga Helgadóttir HÍ í fagráði háskóla.
- Anna Lóa Ólafsdóttir Símey og María Jónsdóttir VMST í fagráði atvinnulífsins.
- Ásta Gunnlaug Briem HÍ, Jónína Kárdal HÍ, Edda Björk Viðarsdóttir VMST og Ingibjörg Kristinsdóttir VMST í siðanefnd.
- Ásdís Birgisdóttir VMS og Hildur Halla MS og í kjaranefnd framhaldsskóla.
- Hildur Katrín Rafnsdóttir HÍ í kjaranefnd háskóla.
- Ingibjörg Ebba Björnsdóttir VMST og Ketill Jósefsson VMST í kjaranefnd fyrir atvinnulífið.
- Margrét Björk Arnardóttir Árskóla fulltrúi stjórnar FNS í NFSY, norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa.
- Álfhildur Eiríksdóttir Salaskóla, Ester Þorsteinsdóttir Lágafellsskóla, Hrönn Baldursdóttir FÁ og Margrét Björk Arnardóttir Árskóla vefstjóri fyrir hönd stjórnar í upplýsinga- og kynninganefnd.
- Guðrún Birna Kjartansdóttir fyrir ráðgjöf og stuðning vegna eftirfylgni að vinnu um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf ásamt undirbúningi og heimsókn til mennta- og menningarmálaráðherra og velferðarráðherra.

## Meginviðfangsefni stjórnar FNS

### Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi stjórnar var ákveðið að allir stjórnarmeðlimir sinni tilfallandi verkefnum en einstök verkefni eru á ábyrgð ákveðinna aðila. Ingibjörg Kristinsdóttir formaður og almenn ábyrgð, Soffía Valdimarsdóttir gjaldkeri, Unnur Símonardóttir ritari, Margrét Björk Arnardóttir vefstjóri og fulltrúi stjórnar í NFSY, Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir ábyrg fyrir félagatali, Helga Tryggvadóttir ábyrg fyrir tillögu vegna stéttarfélagsmyndunnar og Kristín Birna Jónasdóttir tengiliður við Verkið vegna framhaldsskólakynningar í Laugardalshöll.

Stjórnin hélt 10 stjórnarfundum á liðnu starfsári auk þess sem meðlimir stjórnar funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi mál. Sumir fundirnir voru lengur en gengur og gerist enda verkefni stjórnar margþætt og utanaðkomandi erindi fjölmörg. Ákveðið var að halda einn vinnudag til að klára stærri og brýn verkefni. Fulltrúi úr fræðslunefnd var boðaður á flesta fundum stjórnar. Stjórn og fræðslunefnd nota helst rafræna miðla til að koma upplýsingum sín á milli, má þar helst nefna lokaða hópa á Facebook og Google drive. Í september 2016 boðaði stjórn fulltrúa allra nefnda og ráða FNS á sameiginlegan fund þar sem línur voru lagðar fyrir starf ársins. Það er mat stjórnar að slíkur fundur reynist vel og hleypi krafti í starf nefnda og ráða en óskandi væri að betri mæting væri á þessum brýnu fundum.

Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári:

- Dagur náms- og starfsráðgjafar / afmælishátíð
- Skipulag og undirbúningur ráðstefnuferðar á alþjóðlega ráðstefnu IAEVG í Madrid
- Aðkoma að framhaldsskólakynningu í Laugardalshöll
- Stefnumótunaráætlun og ítrekun vegna ályktunar
- Vinna við mat á stofnun stéttarfélags FNS - könnun um kjaramál
- Umsóknir um styrki til FNS
- Þátttaka í norrænu samstarfi
- Félagatal og umsóknir um félagsaðild FNS
- Samskipti við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf
- Verkefni á vegum Jafnréttisráðs
- Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar
- Kynningarmál, bæklingagerð, afmælisrit, myndbönd
- Fjárreiður og félagsgjöld FNS
- Ýmis hugmyndavinna í tengslum við kynningarmál, námskeið og stefnumótun, samskipti við KÍ

## 1. Dagur náms- og starfsráðgjafar

Þann 20. október ár hvert er Dagur náms- og starfsráðgjafar haldinn hátíðlegur. Á þessum degi eru félagsmenn hvattir til að kynna störf sín, birta greinar, senda út heilræði eða gera eitthvað til að minna á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar. Markmið þessa dags er annars vegar til að kynna náms- og starfsráðgjöf fyrir almenningi og stjórnvöldum og hins vegar til að skapa vettvang til að sameina og efla náms- og starfsráðgjafa.

Síðastliðinn október voru 10 ár síðan fyrst var stofnað til dagsins og því var kjörið tækifæri að fagna því ásamt 35 ára afmæli Félags náms- og starfsráðgjafa og 25 ára afmæli námsbrautarinnar. Ákveðið var því að blása til afmælisveislu. Yfirskrift dagsins var *Náms- og starfsráðgjöf í 35 ár*. Félagsmönnum var boðið um borð í tímavél þar sem ferðast var aftur til fortíðar, staldrað við í nútíðinni og skyggst inn í framtíðina. Afmælishátíðin fór fram á Icelandair Hótel Reykavík Natura þann 4. nóvember 2016. Mikill áhugi var fyrir hátíðinni en rúmlega hundrað náms- og starfsráðgjafar mættu. Fundarstjóri var Inga Berg Gísladóttir náms- og starfsráðgjafi í Háskóla Íslands.

Ingibjörg Kristinsdóttir formaður félagsins setti hátíðina og í kjölfarið sagði Jónína Kárdal okkur, á líflegan hátt, frá fyrsta formlega degi náms- og starfsráðgjafar. Hún skoraði á félagsmenn að halda viku náms- og starfsráðgjafar árið 2017! Þar sem við vorum í afmælisveislu þótti viðeigandi að líta yfir farinn veg, dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir reifaði sögu náms- og starfsráðgjafar á Íslandi en hún hefur nýlega birt grein um náms- og starfsráðgjöf frá upphafi til aldamóta. Það sem stóð upp úr á þessum degi var að öllum fyrrverandi formönnum FNS var boðið í afmælið. Þeir voru látnir mynda tímalínu og beðnir um að segja frá því sem stóð upp úr í þeirra formannstíð. Á þessum tímamarki vorum við búin að fara yfir fortíðina og komin í nútímann. Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur var veitt heiðursviðurkenning Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir störf sín í þágu greinarinnar.

Að loknu kaffihléi fræddi Maríanna Friðjónsdóttir sérfræðingur og ráðgjafi um samfélagsmiðla okkur um ímynd og sýnileika almennt en sérstaklega á samfélagsmiðlum. Maríanna talaði til okkar í gegnum Skype – beint frá Portúgal. Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir ritstjóri samfélagsmiðla hjá RÚV fjallaði í framhaldinu um notkun samfélagsmiðla og hvernig náms- og starfsráðgjafar geta nýtt sér þá þá í störfum sínum og í markaðssetningu.

Að loknum ljúffengum hádegisverði kynnti Sif Einarsdóttir nýjan tölvuleik í náms- og starfsfræðslu. Útgáfa leiksins er fyrirhuguð um áramótin og verður fróðlegt að prufa hann. Eftirmiðdagurinn fór í hópavinnu. Þátttakendur horfðu til framtíðar og spreyttu sig á fimm umræðuefnum sem tengdust efni dagsins. Sem dæmi má nefna:

Hvaða samfélagsmiðlar henta best mismunandi ráðþegahópum og hvernig? Hverjir eru kostir og gallar samfélagsmiðla í ráðgjöf? Hugmyndir að slagorðum fyrir náms- og starfsráðgjafa? Margar skemmtilegar hugmyndir komu fram sem félagið ætlar sér að nýta í náinni framtíð.

Undir lokin kynnti Upplýsinga- og kynninganefnd FNS glæsilegt [afmælisvefrit](#). Elín Thorarensen sagði frá Íslandsmóti iðn- og verkgreina og stóru framhaldsskólakynningunni sem haldin verður Laugardalshöll 15.-18. mars 2017 en náms- og starfsráðgjafar spila þar stórt hlutverk í að kynna námsframboð fyrir grunnskólanemendum.

Frábærum degi náms- og starfsráðgjafa var slitið með hressandi uppistandi Elvu Daggar Gunnarsdóttur, sem fékk salinn til að hlæja vel og innilega og svo var boðið upp á afmælistertu í tilefni dagsins.

## 2. Sí- og endurmenntun félagsmanna

Samkvæmt lögum FNS er eitt af meginhlutverkum félagsins að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Það er einnig mikilvægt fyrir hvern og einn félagsmann að vera vakandi fyrir sí- og endurmenntunarpörf sinni, miðla þekkingu og færni og stuðla þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan stéttarinnar.

Félögum FNS hefur staðið ýmislegt til boða í endurmenntunarmálum á liðnu starfsári. Endurmenntun Háskóla Íslands hefur m.a. í samstarfi við FNS boðið upp á námskeið sem sérstaklega hafa verið sniðin að þörfum náms- og starfsráðgjafa. Félagsmönnum hefur jafnframt boðist afsláttur af öðrum námskeiðum stofnunarinnar.

FNS fékk styrk frá SEF (Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara) til að halda fagnámskeið endurgjaldslaust fyrir framhaldskólaráðgjafa en öðrum náms- og starfsráðgjöfum var boðið að greiða fyrir námskeiðið. Námskeiðið var haldið í samstarfi við EHÍ og bar heitir Geðrækt, verkfæri fyrir náms- og starfsráðgjafa. Kennari var Steinunn Anna Sigurjónsdóttir sálfræðingur hjá Kvíðameðferðarstöðinni. Farið var yfir helstu þætti er snúa að geðrænum vandamálum sem framhaldsskólanemendur glíma við svo sem kvíða- og lyndisraskanir ásamt lágu sjálfsmati. Helstu kvíðaraskanir voru kynntar s.s. ofsakvíði, félagsfælni og almenn kvíðaröskun. Bent var á leiðir til að greina vísbendingar um slíkan vanda. Gefin voru ráð hvernig hægt er að aðstoða nemendur og hvenær ástæða er til að vísa áfram í frekari meðferð. Námskeiðið var vel sótt, 38 ráðgjafar mættu og var almenn ánægja með daginn.

### 3. Stefnunótun í náms- og starfsráðgjöf / ályktun

Fyrir þremur árum síðan skipaði mennta- og menningarmálaráðuneytið starfshóp um stefnunótun í náms- og starfsráðgjöf. Guðrún Birna Kjartansdóttir, náms- og starfsráðgjafi var verkefnastjóri hópsins en í honum sátu fulltrúar mennta- og menningarmála-, velferðar-, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Félags náms- og starfsráðgjafa. Markmiðið var að gera tillögur um framtíðarsýn, stefnu og aðgerðir varðandi náms- og starfsráðgjöf á Íslandi í samstarfi við helstu hagsmunaaðila og einnig að gera tillögur um uppbyggingu stoðkerfis fyrir ævilanga náms- og starfsráðgjöf. Starfshópurinn skilaði af sér niðurstöðum í formi skýrslu til mennta- og menningarmálaráðuneytis í maí 2015. Í október sama ár var skýrslan birt á heimasíðu ráðuneytisins með þeim fyrirvara að ekki hafi verið tekin afstaða til hennar og að ráðuneytið hefði skýrsluna áfram til athugunar. Fram að aðalfundi FNS 2016 höfðu mismunandi hagsmunaaðilar reynt að fá upplýsingar úr ráðuneytinu varðandi hvenær afstaða verði tekin til niðurstaðna skýrslunnar og aðgerðir í ljósi þeirra en engin svör bárust. Á aðalfundinum var því lögð fram eftirfarandi ályktun.

#### Ályktun frá aðalfundi Félags náms- og starfsráðgjafa 2016

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa gerir alvarlegar athugasemdir við að vinna við stefnunótun í faginu hafi legið niðri í rúmt ár. Fundurinn leggur áherslu á alvarleika þess að margra ára vinna, samstarf hagsmunaaðila og rannsóknir sé virt að vettugi og ekki byggt á þeim góða grunni sem unnið hefur verið að síðustu ár. Skýrsla sem starfshópur um þróun náms- og starfsráðgjafa skilaði af sér til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins í maí 2015 hefur enn ekki fengið efnislega umfjöllun og úrvinnslu. Það er dapurlegt að ítrekað er talað, ritað og rætt um mikilvægi náms- og starfsráðgjafa, t.d. sem lið í að sporna við brotthvarfi úr námi, en lítið sem ekkert er gert til að efla þjónustuna af þeim sem valdið hafa. Við hvetjum yfirvöld menntamála til að klára þessa vinnu hið snarasta og lýsir félagið sig reiðubúið til samstarfs.

#### Greinargerð

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði starfshóp í maí 2014, um stefnunótun í náms- og starfsráðgjöf. Í starfshópnum sátu fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og Félags náms- og starfsráðgjafa. Formaður starfshóps var Guðrún Birna Kjartansdóttir og var verkefnið unnið í samstarfi við Capacent. Hlutverk starfshópsins var að gera tillögur að framtíðarsýn, stefnu og aðgerðum fyrir náms- og starfsráðgjöf í samstarfi við hagsmunaaðila. Stuðst var við vinnu og greiningar sem unnar höfðu verið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið síðustu ár og við vinnu sérfræðinga í náms- og starfsráðgjöf í Evrópu, European Lifelong Guidance Policy Network ([elgpn.eu](http://elgpn.eu)) sem Ísland tók virkan þátt í.

Grunni að stefnu var skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins vorið 2015. Þar er áhersla lögð á fimm þætti:

1. Náms- og starfsráðgjöf alla ævi
2. Mótun starfsferils alla ævi
3. Aðgengi að náms- og starfsráðgjöf
4. Uppbyggingu og þróun þjónustunnar
5. Samstarf

Við hvern þátt eru helstu markmið talin upp og leiðir til að ná þeim markmiðum. Einnig eru taldir upp helstu ábyrgðar- og samstarfsaðilar. Áhersla er lögð á verkefni eins og náms- og starfsfræðslu sem mikilvægt tæki í baráttu við brotthvarf, uppbyggingu vefgáttar um nám og störf, aukið samstarf skóla og atvinnulífs, uppbyggingu og þróun náms- og starfsráðgjafa alla ævi, skýrara starfssvið og bætt starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa í skólakerfinu, endurmenntun, eflingu rannsókna og fleira.

Því miður hefur ekki verið unnið markvisst með stefnuna eftir að skýrslunni var skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Félag náms- og starfsráðgjafa telur tímabært að taka forystuna um málið og hefur óskað eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra um hvernig nýta eigi þá vinnu og niðurstöður sem koma fram í grunni að stefnu í náms- og starfsráðgjöf.

Næsta skref er að búa til samstarfsvettvang sem hefði umboð til aðgerða og uppbyggingar. Þar væri hægt að nýta stefnuna og fjölbreytta útgáfu ELGPN til að efla náms- og starfsráðgjöf á Íslandi.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa  
Reykjavík, 29. apríl 2016

Ályktun þessi var send til fyrrverandi mennta- og menningarmálaráðherra fljótlega eftir aðalfund 2016. Eftir að hafa minnt á okkur nokkrum sinnum gerðist það svo nýlega að fundarboð barst frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Guðrún Birna Kjartansdóttir og Helga Tryggvadóttir fóru fyrir hönd stjórnar FNS á fund nýs ráðherra, Kristjáns Þórs Júlíussonar og kynntu fyrir honum og aðstoðarfólki aðdraganda að stefnumótunarvinnunni og skýrsluna.

Rætt var um starfssvið náms- og starfsráðgjafa, hversu víðfemt það er. Almennt fjallað um náms- og starfsráðgjöf, hversu öflugt tæki hún er í baráttu við brotthvarf og í mótun starfsferils alla ævi. Tengslin við velferðarráðuneytið voru útskýrð og þörfin á samstarfi ítrekuð. Einnig var lögð áhersla á að soun væri að nýta ekki þá vinnu sem þegar hefur farið fram og var óskað eftir framhaldi þar á. Það var tekið fram að FNS er tilbúið til samstarfs og var ráðherra á ný afhent ályktun aðalfundar FNS 2016 þar sem hvatt er til aðgerða.

Ráðherra og hans fólk vissi lítið um málefnið og sagðist ætla að kynna sér málin frekar. Næst á dagskrá er að hitta velferðarráðherra Þorstein Víglundsson. Það var ósk Kristjáns að Þorsteinn hefði samband við hann eftir fundinn. Að þeim fundi loknum munum við óska eftir svörum um framhaldið en fundur með velferðarráðherra er áætlaður 16. maí nk. Það er svo hlutverk okkar, náms- og starfsráðgjafa að halda umræðunni lifandi og þrýsta á að raunverulegar aðgerðir eigi sér stað.



## 4. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar

### Fræðsludagskrá FNS 2016-2017

#### *29. september 2016 - Icelandair Hótel Reykjavík Marina*

Við heimsóttum Icelandair Hótel Reykjavík Marina. Birgir Guðmundsson hótelstjóri tók á móti okkur og sagði okkur frá starfsemi hótelsins. Auk þess fengum við leiðsögn um hótelið og heyrðum um sögulega tengingu þess við Slippinn. Icelandair starfrækir Hótelklassann en þar er boðið upp á námskeið fyrir starfsfólk hótelanna og eru sérstök viðfangsefni tekin fyrir hverju sinni. Með þessu sinna hótelin símenntun starfsfólks síns. Störfín á hótelnunum eru fjölbreytt, t.d. ræstingarstörf, þjóna- og kokkastörf, móttökustörf auk stjórnunarstarfa sem eru þó færri en hin. Starfsfólkið hefur því fjölbreytta menntun að baki. Þá kom fram að margir sem eru að átta sig á því hvað þeir vilja læra eða eru á milli náms sækja í hótelstörfín, t.d. móttöku- og þjónastörfín þar sem ekki er krafist formlegrar háskólamenntunar. Sumir staldra því ekki lengi við á meðan aðrir smitast af ferðabjónustubakteríunni og læra eitthvað tengt henni. Birgir telur að leggja þurfi meiri áherslu á hótél- og veitinganám þar sem það þarf meiri sérþekkingu í þessum geira.

Við fengum góðar móttökur en um tuttugu náms- og starfsráðgjafar mættu á kynninguna, úr grunn-, framhalds- og háskólum sem og úr atvinnulífinu og virtust allir geta fundið tengingu við sinn starfsvettvang. Það er mikilvægt fyrir okkur í stéttinni að fá kynningar úr atvinnulífinu til að vera betur í stakk búin til að veita réttar upplýsingar og aðstoða ráðþega okkar. Eftir kynninguna sátum við yfir drykk og léttu spjalli.

#### *4. nóvember 2016 - Dagur náms- og starfsráðgjafar*

Í ár var ákveðið að halda afmælishátíð þar sem þessum degi var komið á fót fyrir 10 árum, Félag náms- og starfsráðgjafa varð 35 ára og námsbrautin fagnaði 25 ára afmæli. Yfirskrift dagsins var **Náms- og starfsráðgjöf í 35 ár** og fólki var boðið um borð í tímavél þar sem ferðast var aftur til fortíðar, staldrað við í nútíðinni og skyggnst inn í framtíðina. Sjá frekari lýsingu í fyrsta hluta skýrslunnar.

#### *6. desember 2016 - Jólafundur*

Við áttum notalega stund saman í húsi Mímis við Öldugötu. Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir sagði frá og las upp úr bókinni Samskiptaboðorðin. Síðan var spjallað yfir jólaglöggi/heitu súkkulaði, konfektí og smákökum.

### *21. febrúar 2017 - Fræðslufundur HÍ*

Boðið var til fræðslufundar í húsakynnum Háskóla Íslands undir yfirskriftinni “Snapp, tjatt og app - náms- og starfsráðgjöf á stafrænni öld”.

Það voru þær Jónína Kárdal og Lísar María Kristjánsdóttir sem töluðu um notkun upplýsinga- og samskiptatækni (UST) í náms- og starfsráðgjöf. Hvernig á að takast á við tæknina og hvernig UST getur stuðlað að rétti um aðgengi að náms- og starfsráðgjöf. Mættir voru um 20 náms- og starfsráðgjafar frá ólíkum vinnustöðum. Það sköpuðust nokkuð góðar umræður varðandi notkunarmöguleika tækninnar.

### *7. apríl 2017 - RÚV*

Skipulögð var heimsókn til RÚV og fengum þar kynningu á starfsemi og húsakynnum. Sigrún Hermannsdóttir og Gunnar Baldursson fræddu okkur um fjölbreytta starfsemi RÚV, hvaða hlutverki það gegnir, hvaða störf eru unnin og hvaða menntun starfsfólkið hefur svo eitthvað sé nefnt. Það sem stóð upp úr varðandi störfin og menntuna er hve mikilvægt er að hafa brennandi áhuga fyrir viðfangsefninu. Í mörgum störfum innan stofnunarinnar er það áhuginn sem kemur fólki áfram fremur en menntunin. Þó eru gerðar kröfur um háskólamenntun á fréttastofunni en menntun fréttamanna er fjölbreytt, má þar t.d. nefna fjölmiðlafræði, sagnfræði, stjórn málafræði og hagfræði.

Heimsóknir sem þessar nýtast náms- og starfsráðgjöfum á öllum starfssviðum fyrir utan það hve mikilvægt er fyrir okkur náms- og starfsráðgjafana að kynna stéttina okkar.

### *10. maí 2017 - Vorfundur*

Fundurinn byrjar á fræðslu í Sæmundarskóla þar sem Hrönn Baldursdóttir náms- og starfsráðgjafi ætlar að kynna fyrir okkur verkefnið „Styrkur og stefna í námi - hópráðgjöf með útivist” Að lokinni kynningu höldum við út í vorið og mun Hrönn leiða okkur í göngu og jóga við Reynisvatn.

### *23. maí 2017 - Uppskeruhátíð námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf*

Hefð er fyrir því að FNS bjóði upp á veitingar á uppskeruhátíðinni. Fræðslunefndin hefur á síðustu árum séð um þetta.

Að lokum viljum við þakka fyrir góðar undirtektir við viðburðum fræðslunefndarinnar. Einnig viljum við þakka þeim sem gáfu sér tíma til að taka á móti okkur og fræða okkur.

Bjarney Sif Ægisdóttir, Greta Jessen, Henný Sigurjónsdóttir, Hjördís Bára Gestsdóttir og Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir

## 5. Greinargerðir fagráða

Hlutverk fagráða er að vera stjórn félagsins til ráðgjafar um fagleg málefni og störf náms- og starfsráðgjafa á skólastigunum þremur, í fyrirtækjum og atvinnumiðlunum. Ásamt því að vera samráðsvettvangur náms- og starfsráðgjafa á hverjum vettvangi.

### Frá fagráði grunnskóla

Föstudaginn 10. febrúar boðuðu fagráð grunnskólans og framhaldsskólans til sameiginlegs fræðslufundar um barnaverndarmál. Fræðslufundurinn var haldinn í húsakynnum Barnaverndarstofu í Borgartúni. Heiða Björk Pálmadóttir, lögfræðingur, mætti fyrir hönd Barnaverndarstofu og fór yfir málaflokkinn. Mjög góð mæting var á fundinn og ánægja með fræðsluna.

Miðvikudaginn 19. apríl var haldinn fræðslufundur á vegum fagráðs grunnskólans í Kópavogsskóla. Ástríður Margrét Eyjólfadóttir og Sigrún García Thorarensen mættu og kynntu rafræn verkfæri sem þær nota við gerð tengslakannana í grunnskólum. Á milli 40 og 50 náms- og starfsráðgjafar mættu. Stutt samantekt á niðurstöðum var send á félagsmenn FNS þar sem ekki var möguleiki á fjarfundi.

F.h. fagráðs grunnskóla, Elísabet Pétursdóttir og Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir

### Frá fagráði framhaldsskóla

Fagráð framhaldskólaráðgjafa hélt tvo fræðslufundi á þessu starfsári. Á haustönn hittumst við 28. október 2016 í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, skólinn var skoðaður og svo fengum við kynningu á vefnum framhaldsskoli.is. Helga Helgadóttir náms- og starfsráðgjafi í HÍ sagði okkur síðan frá verkefninu Háskólahermir sem er ætlað til að kynna framhaldsskólanemendum það nám sem fram fer í HÍ. Á vorönn var haldinn kynningarfundur um barnaverndarmál á Barnaverndarstofu föstudaginn 10. febrúar 2017. Heiða Björg lögfræðingur stofunnar fór yfir lögin, tilkynningarskylduna, verksvið barnaverndarnefnda, úrræðin og fleira. Báðir þessir viðburðir voru vel sóttir.

F.h. fagráðs framhaldsskóla, Unnur Símonardóttir

### Frá fagráði háskóla

Fagráð háskóla náði ekki að halda fund í vetur en stefnir á fund fyrir sumarfrí.

### Frá fagráði atvinnulífs

Fagráð atvinnulífsins náði ekki halda að fund í vetur en mun halda fund í júní.

## 6. Kjara- og hagsmunamál

Frá árinu 2014 hefur vinna við athugun möguleika á stéttarfélagsaðild náms- og starfsráðgjafa staðið yfir með hléum. Það sem hefur gerst frá síðasta aðalfundi er að lögð var fyrir félagsmenn netkönnun og vinnustofa fór fram þar sem leitast var við að kortleggja mögulega framtíðarsýn félagsins. Skemmst er frá því að segja að niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós mismunandi sýn félagsmanna hvað stéttarfélagsaðild varðar. Um þriðjungur félagsmanna tók þátt í könnuninni og í hnotskurn má segja að ekki er líklegt að félagsmenn séu tilbúnir til að ganga úr sínu stéttarfélagi og taka þátt í stofnun nýs stéttarfélags. Ýmsar hugmyndir um framtíð félagsins komu fram á vinnustofunni sem nánar eru útlistaðar í plaggi sem birt verður á heimasíðu FNS.

### Kjara- og hagsmunanefnd grunnskóla

Ekki tókst að manna kjara- og hagsmunanefnd grunnskóla 2016 - 2017.

### Kjara- og hagsmunanefnd framhaldsskóla

Formaður FF hafði samband og óskaði eftir aðild kjararáðsins að komandi samningum. Í framhaldi af því voru félagsmenn sem starfa í framhaldsskólum spurðir hvað þeim fyndist þurfa að koma fram. Þar sem tíminn var naumur var þetta kannað með óformlegum hætti á facebooksíðu náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Það helsta sem fram kom var ósk um skýrari vinnutímaramma, skilgreining vinnutíma miðað við almenn vinnutímaákvæði og hámark ráðþega á hvern ráðgjafa. Þessir punktar voru settir fram í samningsmarkmiðum KÍ við samninganefnd í september. Fulltrúar kjararáðs framhaldsskóla voru svo kallaðir á fund með samninganefndinni þegar málefni þeirra voru til umræðu. Fundir þessi fóru fram í Fjármálaráðuneytinu í október.

Eftir áramót höfðu náms- og starfsráðgjafar í ákveðnum skólum samband við kjararáðið vegna breytinga á vinnutíma og samningum sem þeir töldu ekki réttmæta. Kjararáð óskaði þá eftir fundi með Guðríði, formanni FF og mættu þangað um 20 náms- og starfsráðgjafa. Á fundinum var farið yfir málin og samningsaðstæðum náms- og starfsráðgjafa lýst. Formaður FF óskaði þá eftir frekari upplýsingum svo hægt væri að vinna áfram með málin, sú vinna er enn í gangi.

F.h. kjara- og hagsmunanefndar framhaldsskóla, Hildur Halla Gylfadóttir

### Kjara- og hagsmunanefnd háskólastigs

Engar breytingar hafa orðið á kjaranefnd háskóla.

Kjara- og hagsmunanefnd atvinnulífs

Engar breytingar hafa orðið á kjaranefnd atvinnulífs.

## 7. Norrænt samstarf

Fulltrúi FNS í stjórn NFSY árið 2016 var Margrét Björk Arnardóttir. Tveir fundir eru haldnir árlega, aðalfundur að vori og stjórnarfundur að hausti. Aðalfundinum sem haldinn var í apríl 2016 voru gerð skil í síðustu ársskýrslu. Í október var haldinn haustfundur í Helsinki þar sem mættir voru fulltrúar Noregs, Finnlands, Danmerkur og Íslands. Sini Keinonen frá finnska Mennta- og menningarmálaráðuneytinu var gestur fundarins og sagði hún frá norrænu embættismannanefndinni sem hún situr í og helstu verkefnum hennar.

Fyrir fundinn voru fulltrúar landanna beðnir um að taka stuttlega saman stöðu náms- og starfsráðgjafar í sínu heimalandi og skýra frá fyrirkomulagi menntunar. Hver fulltrúi fór síðan yfir stöðu mála og svaraði spurningum.

Raimo Vuorinen sem er fulltrúi NFSY í IAEVG var með innlegg um samtökin og helstu verkefni þeirra. Nánari upplýsingar um IAEVG má finna á þessari slóð: <http://iaevg.net/>. Raimo sagði m.a. frá IAEVG ráðstefnunni sem haldin var í Madrid í nóvember sl. þar sem fjölmennur hópur íslenskra náms- og starfsráðgjafa tók þátt. Á þriðjudeginum fyrir ráðstefnuna var haldið málþing þar sem fulltrúum frá ýmsum alþjóðlegum stofnunum og félagsamtökum var boðin þáttaka. Margrét og Ingibjörg formaður FNS þáðu boð um að sitja þetta málþing sem var mjög áhugavert. Það er einkar mikilvægt að FNS og NFSY séu sýnileg í alþjóðlegu samstarfi þar sem við höfum margt fram að færa þegar kemur að náms- og starfsráðgjöf.

Á nýafstöðnum fundi NFSY sem haldinn var í Turku í Finnlandi tók Ísland formlega við formennsku í NFSY. Á stjórnarfundum FNS 2. desember 2016 var ákveðið að skipa nefnd sem myndi halda utan um þetta norræna samstarf. Nefndin hefur fengið vinnuheimilið Nefnd um norrænt samstarf NFSY. Sendur var tölvupóstur á félagsmenn þar sem nefndin var kynnt og óskað var eftir fólki til starfa. Vel tókst að manna nefndina sem skipar eftirfarandi fulltrúa: Margrét Björk Arnardóttir formaður, Elísabet Pétursdóttir gjaldkeri, Ingibjörg Bragadóttir ritari, Ásthildur Guðlaugsdóttir vefstjóri heimasíðu [NFSY](#), Dagný Broddadóttir og Ketill Jósefsson.

Fyrsta verk nefndarinnar var að senda fulltrúa á aðalfundinn í Turku, taka við formennskunni og hefja skipulag fyrsta fundar NFSY á Íslandi sem haldinn verður í október/nóvember á þessu ári. Mörg spennandi verkefni liggja fyrir nefndinni sem væntanlega verða kynnt félagsmönnum eftir því sem fram líður. Hér má nefna að

haustið 2018 verður alþjóðleg IAEVG ráðstefna haldin í Gautaborg og væri gaman ef náms- og starfsráðgjafar myndu fjölmenna á þá ráðstefnu líkt og gert var í Madrid.

Á heimasíðu FNS er að finna nánari upplýsingar um NFSY og innan skamms verða ársskýrslur landanna einnig aðgengilegar á síðunni.

F.h. norrænu nefndarinnar, Margrét Björk Arnardóttir

## 8. Siðanefnd

Samkvæmt 12. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa skal siðanefnd jafnan starfrækt í félaginu. Hlutverk hennar er að stýra umræðu um siðareglur og siðferðileg álitamál innan náms- og starfsráðgjafar. Siðareglum FNS er ætlað „að efla fagvitund náms- og starfsráðgjafa og stuðla að fagmennsku í starfi með hagsmuni ráðþega í fyrirrúmi“. Reglunum er einnig ætlað að vera mælikvarði á vönduð vinnubrögð innan fagstéttarinnar.

Á síðasta aðalfundi 2016 voru Ásta G.Briem, Jónína Kárdal og Edda Viðarsdóttir kosnar í siðanefnd og var Ingibjörg Kristinsdóttir formaður fulltrúi stjórnar. Nefndin hefur áfram verið að skoða þátt rafrænnar ráðgjafar í starfi náms- og starfsráðgjafa með tilliti til endurskoðunar á siðareglum. Í Evrópu og Norður Ameríku hefur þetta málefni verið skoðað með tilliti til siðaviðmiða og reglna. National Career Development Association (NCDA) í Bandaríkjunum endurskoðaði siðareglur sínar árið 2015 og hefur sérstakan kafla sem fjallar um notkun upplýsingatækninnar og rafrænna miðla í ráðgjöf ásamt þátt samfélagsmiðla. Hér er verk að vinna fyrir siðanefnd og samfélag náms- og starfsráðgjafa.

F.h. Siðanefndar, Jónína Kárdal.

## 9. Upplýsinga- og kynninganefnd

Starfsárið 2016-2017 sátu í upplýsinga- og kynninganefnd þær Álfhildur Eiríksdóttir, Ester Þorsteinsdóttir, Hrönn Baldursdóttir og Margrét Björk Arnardóttir sem einnig var fulltrúi stjórnar FNS í nefndinni. Nokkrir fundir voru haldnir í nefndinni þar sem fjarfundamiðlar líkt og Skype voru m.a. notaðir.

Helstu verkefni nefndarinnar voru að setja saman afmælisrit í tilefni 35 ára afmælis Félags náms og starfsráðgjafa og sjá um heimasíðu félagsins. Auk þess hefur nefndin unnið að gerð kynningarbæklings um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi en af óviðráðanlegum orsökum hefur vinnan við hann dregist. Það er von nefndarmanna að hann líti bráðlega dagsins ljós.

Ákveðið var að hafa afmælisritið rafrænt og var það unnið í Adobe Spark.

Leitast var við að gefa góða mynd af starfsemi félagsins í gegnum tíðina m.a. með því að grúska í gömlum gögnum og skanna inn myndir. Nokkrir félagsmenn voru beðnir um að svara spurningum eins og hvað þeim þyki skemmtilegast að gera í vinnunni og hvað sé það besta við starf náms- og starfsráðgjafa. Í ritinu er einnig að finna greinar um það sem efst hefur verið á baugi í starfsemi félagsins. Afmælisritið var kynnt á Degi náms- og starfsráðgjafa, það er aðgengilegt á opinni facebook síðu félagsins og á heimasíðu félagsins <https://spark.adobe.com/page/MdyZhfvpHCHQT/>

Það liggja ýmis verkefni fyrir nefndinni og er það von nefndarmanna að í hana veljist öflugur hópur fólks sem er tilbúið til að taka við keflinu.

F.h. upplýsinga- og kynninganefndar, Margrét Björk Arnardóttir

## **10. Íslandsmót verk- og iðngreina og framhaldsskólakynning**

Íslandsmót verk- og iðngreina var haldið í Laugardalshöll dagana 16.-18. mars 2017. Mótið er að jafnaði haldið á tveggja ára fresti og er hugsað til að kynna og vekja áhuga á verk- og iðngreinum. Framhaldsskólar landsins voru á staðnum með bása og kynntu námsframboð sitt. FNS tók þátt í gleðinni og var með háborð og dreifði heilræðisspjöldum. Á Íslandsmótið komu um 6000 nemendur úr 9. og 10. bekk og höfðu tækifæri til að sjá og upplifa verk- og iðngreinar í fullum gangi og spyrja og kynna sér nám í framhaldsskólum landsins.

Náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum voru í lykilhlutverki. Grunnskólaráðgjafar fylgdu nemendum á mótið og framhaldsskólaráðgjafar stóðu vaktina í kynningarbásum skólanna. Í FNS básnum stóðu félagsmenn vaktina við að kynna náms- og starfsráðgjöf og dreifa heilræðisspjöldum sem samanstóðu af tíu mismunandi heilræðum. Nemendur voru forvitnir og áhugasamir og vildu gjarnan draga spjald og eiga samtalið um framtíð sína.

Segja má að gleði, forvitni og áhugasemi hafi ráðið ríkjum og Íslandsmót verk- og iðngreina sé mikilvægt framtak og þarfur vettvangur fyrir nemendur í upplýsingaleit um nám og störf.

## **11. Rjúfum hefðirnar - förum nýjar leiðir**

FNS þáði boð Jafnréttisstofu um að taka þátt í verkefninu „*Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir.*“ Markmið verkefnisins er að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalmyndum um hlutverk kvenna og karla. Megináherslurnar snúa að því að:

i) stuðla að jafnrétti kynjanna í menntun, starfsþjálfun og ráðgjöf.

ii) Brjóta upp kynbundnar staðalmyndir í náms- og starfsvali.

iii) vekja áhuga kvenna á hefðbundnum karlastörfum og karla á hefðbundnum kvennastörfum.

Verkefninu er stýrt af Jafnréttisstofu og er samstarfsverkefni skóla, vinnustaða, fagfélaga og stéttarféлага. Verkefnið er bundið við Norðurland eystra, en gert er ráð fyrir að í framhaldinu geti þátttakendur gerst mentorar annarra vinnustaða, skóla og féлага með stuðningi Jafnréttisstofu.

Haldnir voru undirbúnings- og kynningarfundir með hverjum þátttakanda fyrir sig. Í framhaldi af því setti hver þátttakandi sér aðgerðabundin markmið með vísan í megin áherslur verkefnisins. Tvisvar á ári, haust og vor hittast þátttakendur á sameiginlegum fræðslu- og vinnufundum. Verkefninu lýkur 2018 með opnu málþingi þar sem þátttakendur segja frá verkefnum sínum, miðla reynslu og gagnlegum aðferðum í átt til aukins kynjajafnréttis.

Nú þegar hafa tveir fræðslu- og vinnufundir verið haldnir. Á þeim fyrsta hélt Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og stjórnarmeðlimur FNS fræðsluerindi fyrir alla þátttakendur verkefnisins um kynbundið náms- og starfsval og kynbundinn vinnumarkað. Félag náms- og starfsráðgjafa mun vera í styðjandi hlutverki við þá náms- og starfsráðgjafa sem eru þátttakendur í verkefninu í gegnum sína skóla. Einnig hefur félagið fundað með fulltrúum frá KÍ sem einnig eru þátttakendur í verkefninu um möguleika á samvinnu í tengslum við verkefnið. Þá hefur komið upp sú hugmynd hjá FNS að tengja dag náms- og starfsráðgjafa 2017 við kynbundið náms- og starfsval með fræðslu og hugmyndavinnu í tengslum við verkefnið.

Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir

## 12. Ráðstefnuferð FNS

Stjórn FNS skipulagði hópferð á alþjóðlega ráðstefnu IAEEVG sem haldin var í Madrid í nóvember 2016. Um 40 náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í ferðinni sem þótti frábær þátttaka. Ráðstefnan sjálf var 14. -18. nóvember en hópurinn lagði af stað nokkrum dögum fyrr til að njóta Madridar og drekka í sig menninguna og góða veðrið.

Á ráðstefnunni var ýmist hægt að sitja fyrirlestra, kynningar eða vinnustofur og gátu þátttakendur valið sér viðfangsefni eftir áhuga og hæfi. Á ráðstefnunni voru nokkrir lykilfyrirlesara. Þar má nefna Jane Goodman sem fjallaði um Hope and optimism amidst transitions and change og Mary McMahon sem hélt fyrirlestur um Individuals in context: Systemic thinking matters.

Ísland átti fulltrúa á ráðstefnunni, Dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Torfi Tulinius héldu



þrenna fyrirlestra. Þau stóðu sig með sóma og var fullt út að dyrum í kynningarsölum. Hópurinn sem fór saman kynnist enn betur og ný vinasambönd mynduðust. Það var mál manna að endurtaka leikinn síðar og gera meira af því að fara saman á ráðstefnur víða um heiminn.



Náms- og starfsráðgjafar / félagsmenn FNS í Madrid

### **13. Félagatal og félagsaðild**

Félagatal FNS taldi 311 félagsmann í byrjun nýs starfsárs í apríl 2016. Á þessu starfsári, frá 30. apríl 2016 til 30. apríl 2017 voru 15 félagsmenn nýskráðir á félagatal, 3 félagsmenn óskuðu eftir að vera teknir af félagaskrá og einn félagsmaður var tekinn af félagaskrá vegna andláts. 11 félagar voru teknir af skrá vegna ógreiddra ársgjalda. Félagatal FNS telur því 311 félagsmenn í apríl 2017.

Á aðalfundi 2015 var samþykkt með lagabreytingu að framvegis yrðu einungis teknir inn nýir félagsmenn sem skiluðu inn leyfisbréfi undirrituðu af mennta og menningarmálaráðherra í viðhengi með aðildarumsókn. Var þetta gert til að einfalda inntökufærlið og til að auka áreiðanleika félagatalsins þar sem tryggt væri að staðið yrði vörð um löggildingu starfsheitisins. Allir nýir félagar í FNS hafa því skilað inn leyfisbréfi.

Stjórn FNS hefur birt á heimasíðu FNS yfirlit yfir þá félagsmenn sem eru með leyfisbréf til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Enn eru einhverjir félagar sem ekki hafa sótt um leyfisbréf og eru þeir hvattir til að gera það. Haldið er utan um félagatalið á lokuðu svæði, póstlisti félagsins er sjálfstæður en er sameinaður

félagatali og hafa eingöngu félagsmenn aðgang að honum. Umsjónarmaður félagatals sér einnig um að uppfæra upplýsingar á póstlista. Mikilvægt er að félagatal og póstlisti séu samræmd og að upplýsingar um félagsmenn séu réttar. Það er því mikilvægt að tilkynna félaginu um breytingar á starfsstöð, netfangi og öðrum upplýsingum. Hagræði rétttra skráninga felst í því að upplýsingar um fjölda félagsmanna og dreifingu starfa í atvinnulífinu er til staðar ár frá ári.

#### **14. Fjárreiður og félagsgjöld**

Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2016 er byggður á bókhaldi þess. Tekjur af félagsgjöldum voru 1.418.400 og jukust um 35.900 frá fyrra ári. Tekjur vegna styrkja hækkuðu um 116.463 kr. Hagnaður var af rekstrinum sem nam kr. 12.403. Rekstrarkostnaður ársins hækkaði all nokkuð milli ára. Ræður þar mestu kostnaður vegna Dags náms- og starfsráðgjafar á afmælisári og aðkeypt vinna vegna hugsanlegrar stofnununar stéttarfélag og uppfærslu heimasíðu. Sjá nánar í sérriti um ársreikning félagsins.

#### **15. Styrkir**

Sjá sérrit um ársreikning félagsins.

#### **16. Ráðstefnuferð styrkt af SEF**

Stjórn FNS sótti um ráðstefnustyrk til SEF sem er eyrnamerkur náms- og starfsráðgjöfum sem eru í stjórn fagfélags og starfa í framhaldsskóla. Við fengum samþykktá tvo styrki sem Kristín Birna Jónasdóttir og Unnur Símonardóttir gátu nýtt til að fara á ráðstefnuna „2017 At-risk youth national forum – all inn for at-risk youth“ sem haldin var á Myrtle beach í Suður Karólinu. Samtökin The National Dropout Prevention Center [www.dropoutprevention.org](http://www.dropoutprevention.org) heldur nokkrar ráðstefnu um brotthvarf á hverju ári. Þetta var mjög fjölmenn ráðstefna og framboð á fyrirlesurum og fræðimönnum mjög mikið.

Við byrjuðum ráðstefnuna á hálfis dags námskeiði með Dr. Mark Wilson undir yfirskriftinni „What Works? School activities that lead to students success“. Fjallaði þetta í stuttu máli um mikilvægi klúbbastarfs og félagsmiðstöðva svo nemendur hefðu einhverja aðra tengingu við skólann en bara námslega. Þemadagar og uppbrot í skólastarfinu er mikilvægt svo nemendur hafi eitthvað til að hlakka til. Allt starfsfólk skólans þarf að taka þátt í slíkum dögum, sýna á sér aðra hlið og gefa af sér.

Nauðsynlegt er fyrir að nemendur hafa valgreinar líkt og list og verkgreinar. Hlúa þarf að menningu innan hvers skóla og finna sameiginlegan metnað hjá starfsfólki og nemendum.

Aðal fyrirlesarinn var þjálfarinn Dobo Swinney sem þjálfar Clemson University Football liðið. Hann leggur mikla áherslu á að leikmenn hans útskrifist úr skólanum og séu góðir samfélagsþegnar. Það nægir ekki að vera góður á leikvöllinum heldur þarf það sama að gilda utan hans. Hann telur mikilvægt að nemendur setji sér markmið, leyfi sér að dreyma og að þeir umgangist fólk sem hefur góð áhrif á þá. Við stjórnnum hugsunum okkar og þær hafa áhrif á það hvað við framkvæmum, því er ekki hægt að koma með neinar afsakanir.

Annar áhugaverður fyrirlesari var Dr. Joseph A. Hendershott hann er með þá sýn að koma eigi fram við nemendum sem líður illa eins og þeir séu særðir eða wounded. Það sé alltaf einhver ástæða fyrir neikvæðri hegðun einstaklinga og hugsanleg ástæða er að þeir hafi orðið fyrir alvarlegu áfalli og séu því særðir á einhvern hátt. Hann segir að hegðun megi líkja við tré, ræturnar eru ástæðurnar. Það má því ekki dæma nemendur sem haga sér illa, við eigum að bera virðingu fyrir ástæðum slæmrar hegðunar. Við verðum að sýna særðum börnum samúð og kenna þeim samúð.

Fyrirlestararnir frá Hustler University heilluði okkur upp úr skónum. Þeir gefa út bækur og spil sem snúa að því að efla nemendur í brotthvarfshættu. Þeir segja að í fyrsta lagi snýst þetta um viðhorf, kennarar og stjórnendur þurfa að hafa áhuga á starfinu sínu og hafa áhuga á að ná árangri með öllum nemendum. Við þurfum að sýna öllum nemendum áhuga og hvetja alla nemendur áfram, ekki gleyma þeim sem haga sér illa. Við enduðum á að kaupa efni frá þeim til að nota í hópráðgjöf sem lofar góðu.

Fyrirlesturinn um seiglu e. *resilience* frá fyrirtækinu Why try [www.whytry.org](http://www.whytry.org) var mjög áhugaverður. Þeir hafa þróað kennslufni með 10 verkefnum til að byggja upp seiglu hjá nemendum. Verkefnin eru mjög myndræn og efla nemendur á skemmtilegan hátt.

Við fórum einnig á fullt af litlum fyrirlestrum þar sem meðal annars var talað um að skólar eyði of miklum tíma í slæma hegðun og refsingar, við eigum frekar að komast að rötinni og styrkja nemendur. Við eigum ekki að gefast upp á neinum nemanda, allir skipta máli, allir hafa tilfinningar. Við eigum að minna alla nemendur á að þeir séu klárir, hafi hæfileika og geti allt sem þá langar til að gera. Spurningin er hvort skólinn og kennsluaðferðir í dag séu í takt við það hvernig nemendur hugsa?

Við vorum mjög ánægðar með ráðstefnuna, lærðum fullt og komum heim með nýja hugsun og þekkingu. Fyrir utan góða ráðstefnu er Myrle Beach æðisleg staður og nutum við þess að labba á ströndinni og sóla okkur í hádegismatnum og hléum.

Góðir frasar frá ráðstefnunni:

„ekkert til sem heitir góður eða slæmur einstaklingur, allir eru góðir en sumir taka slæmar ákvarðanir“

„viðhorf okkar gagnvart nemendum skiptir máli“

„það eru ástæður fyrir allri hegðun“

„við þurfum að vera rödd hinna raddlausu“

„students are At promiss not At risk“

„surround yourself with good people“

„one size do's not fitt all“

Kristín Birna Jónasdóttir og Unnur Símonardóttir

## 17. Önnur verkefni

Stjórn FNS hefur jafnframt komið að fjölmörgum verkefnum í samstarfi við ýmsa aðila. Hér má t.d. nefna:

- a) Fundir með tengilið hjá Capacent vegna könnunar á myndun stéttarfélags fyrir náms- og starfsráðgjafa. Kjararáð FNS var með stjórn á vinnufundi hjá Capacent.
- b) Fundir með stjórnendum Verkiðnar í tengslum við stóru framhaldsskóla kynninguna sem haldin var í mars 2017 í samvinnu við Íslandsmót iðn- og verkgreina.
- c) Rýnihópavinna hjá KÍ vegna samstarfs við Evrópumíðstöðvar um skóla án aðgreiningar.
- d) Skipulagning ráðstefnuferðar með VITA ferðum.
- e) Verkefni í samstarfi við Jafnréttisstofu á Akureyri, verkefnið er unnið í samstarfi við VMA, HA, Oddeyrarskóla, KÍ og Félag hjúkrunarfræðinga.
- f) Hugmyndavinna vegna bæklingagerðar í samstarfi við upplýsinga- og kynningarnefnd og Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar.
- g) Vinnufundur samninganefndar vegna kjarasamninga Félags framhaldsskólakennara.
- h) Stefnumótunarvinna vegna *“Grunnur að stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf”*. Fundir með mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti.
- i) Staðið vörð um störf náms- og starfsráðgjafa með því að senda bréf á skóla þar sem einstaklingar án leyfisbréfs eða menntunar í náms- og starfsráðgjöf starfa.
- j) Samtarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar. Gott samstarf hefur verið

á milli FNS og verkefnisstjóra Evrópumiðstöðvar náms- og starfsráðgjafar, Dóru Stefánsdóttur. Evrópumiðstöðin hefur stutt við bakið á félaginu og kunnum við henni bestu þakkir. Þetta árið hefur Evrópumiðstöðin m.a. styrkt gerð kynningarmyndbands og verið er að þróa kynningarbækling fyrir náms- og starfsráðgjöf.

k) Þátttaka FNS á fundi SEF (samstarf um endurmenntun framhaldsskóla).

## Lokaorð

Nú er öðru formannsári mínu að ljúka og hef ég ákveðið að taka þeirri áskorun að sitja þriðja árið. Það var aldrei planið að vera lengur en tvö ár í þessu hlutverki en fyrsta árið fer nánast í að ná tökum á því, á öðru árinu nær maður tökum og svo er maður kominn aðeins á bragðið! Það bíða okkur líka spennandi verkefni á næsta ári og önnur mikilvæg ástæða fyrir því að langa til að vera eitt ár í viðbót er að þetta er mjög skemmtilegt. Auðvitað er þetta stundum aðeins of krefjandi, stressandi og erfitt en upp úr stendur þó það jákvæða.

Stjórnin samanstendur af sjö öflugum, klárum og skemmtilegum konum. Við höfum skipt á milli okkar hlutverkum og verkefnum, setið á fundum, sumum of löngum þar sem hefur verið unnið af kappi, karpað, kveinað og hlegið. Þetta hefur verið viðburðarríkur og lærdómsríkur tími sem hefur liðið mjög hratt.

Eins og ársskýrslan ber með sér hefur starfsemi FNS verið mjög fjölbreytt í vetur. Í upphafi stjórnarárs var haldinn sameiginlegur stefnumótunarfundur með öllum nefndum og ráðum. Lögð var áhersla á að styrkja ímynd fagstéttarinnar, nefndarmenn voru hvattir til að vera sýnilegir með því að láta rödd sína heyrast og minnt var á mikilvægi stefnumótunar. Góð samvinna hefur verið á milli stjórnar og annarra nefnda í vetur en mikilvægt er að allir leggist á eitt og vinni sameiginlega að settum markmiðum.

Á næstunni verður mynduð ný stjórn og nýjar nefndir koma til starfa, hugmynd er að kalla hverja nefnd á sér fund til að kortleggja þá vinnu sem þar fer fram. Okkar bíða stór og smá, krefjandi og spennandi verkefni.

Má þar fyrst nefna framhald af vinnu vegna skýrslu um stefnumótun. Það er dapurt að ekki hafi verið unnið markvisst með stefnuna eftir að skýrslunni var skilað til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir tveimur árum síðan. Nauðsynlegt er að stjórnvöld átti sig á mikilvægi náms og starfsráðgjafar fyrir einstaklinga og samfélagið allt og viðurkenni skýrsluna sem stefnu. Við munu ítreka ályktunina frá aðalfundi FNS 2016 og bjóða enn og aftur fram krafta og sérþekkingu félagsmanna í vinnu við stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf.

Stefnumótunarmálin leiða okkur svo nánast beint yfir í stéttarfélagsmál. Samkvæmt könnun sem lögð var fyrir félagsmenn í vetur eru skiptar skoðanir á hvort aðild að stéttarfélagi muni sameina okkur frekar sem stétt eða hvort það er einmitt opinber stefna sem vegur þyngra í styrkingu stéttarinnar. Full ástæða er til að félagsmenn stígi varlega til jarðar og íhugi vel næstu skref.

Í síðustu viku tók FNS við formennsku norrænu samtaka náms- og starfsráðgjafa NFSY. Stofnuð hefur verið sér nefnd til að halda utan um þetta verkefni sem mun vara í þrjú ár, framtíðin mun leiða í ljós hversu viðamikil starf þetta verður.

Nú þegar er búið að skipuleggja dag náms- og starfsráðgjafar 2017 en deginum verður dreift yfir tvo daga, 26. og 27. október. Hollensku fræðimennirnir og hjónin, Meijers og Lengelle sem nokkrir félagsmenn kynntust og féllu fyrir á ráðstefnu IAEVG í Madrid munu halda námskeið fyrir áhugasama. Þau hafa verið leiðandi í frásagnarráðgjöf (career- narrative approach) og kenna við háskóla í Hollandi, Belgíu og Kanada. Við hlökkum til að taka á móti þeim og skipuleggja dagskrá með fræðslunefndinni í kringum námskeiðið þeirra.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka stjórninni fyrir frábært samstarf og framlag í vetur. Einnig vil ég þakka fræðslunefnd fyrir sitt framlag og áhugaverða fræðsludagskrá, upplýsinganefnd, fagráðum, kjaranefndum og siðanefnd fyrir vel unnin störf. Síðast en ekki síst fá stjórnendur mínir og samstarfsfélagar á Vinnumálastofnun þakkir fyrir góðan stuðning, skilning og sveigjanleika.

Reykjavík, 5. maí 2017

Ingibjörg Kristinsdóttir  
Formaður Félags náms- og starfsráðgjafa



Stjórn FNS 2016 til 2017 þakkar fyrir sig.  
F.v. Kristín Birna, Soffía, Helga, Margrét, Ingibjörg og Unnur  
(á myndina vantar Þuríði Ósk).